

## Nefndasvið Alþingis

Reykjavík 10. desember 2018

### Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, 82 mál (rusl á almannafæri, sektir)

Þann 28. nóvember 2018 barst SORPU erindi frá nefndarsviði Alþingis þar sem SORPU er veitt tækifæri til að gera athugasemdir við ofanefnt frumvarp og vill SORPA þakka fyrir tækifærið.

Almennt tekur SORPA undir efnistillögu frumvarpsins og í raun löngu tímabært að herða sektir fyrir ósæmilega umgengni um náttúru Íslands. Rétt er þó að vekja athygli á eftirfarandi:

- Til þess að slík ákvæði hafi tilætluð áhrif þarf að tryggja að hægt sé að fylgja málefninu eftir með réttum stuðningi þ.e.a.s. að koma breytingunum á framfæri við almenning og eiga möguleika á því að fylgja ákvæðinu eftir hvort sem það er gert á vegum lögreglu eða yfirvalda umhverfismála.
- Við lestur frumvarpsins og laganna er ekki ljóst hver hefur heimild til að leggja á sektir skv. frumvarpinu. Mætti skerpa á því þannig að á því geti ekki legið nokkur vafi.

f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri